

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

753. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 16. júlí 2012 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Forstöðumaður tæknideildar.
2. Fundargerð félagsmálaráðs.
3. Bréf Umhverfissráðuneytisins og Skipulagsstofnunar
4. Bréf til Vegagerðarinnar
5. Bréf Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.

Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar er mættur á fundinn til viðræðna við byggðarráð. Forstöðumaður lagði fram skýrslu um helstu atriði sem unnið er að s.s. viðhaldi grunnskólanna á Hvammstanga, Laugarbakka og Borðeyri, sorpmál, gatnagerð, gatnalýsingu, nýframkvæmdir við vatnsveitu, hitaveitu og fráveitu í Kirkjuhvammi ofl.
2. Lögð fram fundargerð 127. fundar félagsmálaráðs. Fundargerð í 5 liðum. Fundargerðin samþykkt samhljóða.
3. Lögð fram til kynningar bréf Umhverfissráðuneytisins dags. 9. júlí s.l. varðandi deiliskipulag á Ósum á Vatnsnesi. Í bréfinu kemur fram að ekki hafi verið þörf fyrir Húnaþing vestra að sækja um undanþágu frá fjarlægðarákvæði sbr. 4.16.2 gr. skipulagsreglugerðar nr. 400/1998 eins og Skipulagsstofnun gerði kröfu til í afgreiðslu sinni þann 11. apríl s.l. Jafnframt er lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 6. júlí 2012 þar sem dregin er til baka fyrri afgreiðsla og beðist er afsökunar á afgreiðslu Skipulagsstofnunar og þeim tögum sem það hefur valdið á gildistöku deiliskipulagsins að Ósum á Vatnsnesi.
4. Lagt fram til kynningar bréf sveitarstjóra til Vegagerðarinnar dags. 10. júlí s.l. þar sem mótmælt er ákvörðun Vegagerðarinnar um niðurfellingu vega af vegaskrá.
5. Lagt fram bréf Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga dags. 27. júní s.l. þar sem óskað er eftir áætlun sveitarstjórnar um það hvernig hún hyggst ná fjárhagslegu viðmiði jafnvægisreglu sbr. 1 tl. 2. mgr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Afgreiðslu erindisins frestað.

Samþykkt að taka á dagskrá:

6. Byggðarráð samþykkir að nýta allt að einni milljón króna af hluta framlags frá árinu 2011 úr varasjóði Byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra, til lagfæringa og endurbóta á aðgengi í Grundartúni 10-12 á Hvammstanga.
7. Aðgengi að leikskólanum Ásgarði. Byggðarráð samþykkir að færa hliðið þannig að það verði í beinu framhaldi af gangstéttinni ofan bílastæðis og gangstígur lagður sem tengist núverandi gangstíg. Verði afgangur af fjárveitingu sem ætluð var í þessa framkvæmd, þá verði hún notuð til viðhalds á leikskólahúsinu. Oddviti sat fundinn undir umræðum þessa liðar.

Fundargerð upplesin

Fundi slitið kl: 16:16

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán Bøðvarsson.

Elín R. Líndal.

Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri.

Áheymarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson.